

## Kennsluáætlun - haustönn 2016

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á meginatriði jarðfræði Íslands, tengsl uppruna landsins við landrek og landmótun af völdum innrænna og útrænna afla. Farið er í undirstöðuatriði steinda- og bergfræði og einnig kenningar um uppruna kviku og myndun mismunandi kvikugerða undir Íslandi.

### Markmið:

Nemandi

- geri sér grein fyrir notagildi jarðfræðipekkingar með Íslenskar aðstæður að leiðarljósi.
- geti beitt öllum algengustu hugtökum og heitum í jarðfræði í umfjöllun sinni um myndun og gerð náttúrufrýrbæra.
- hafi þjálfun í að greina berg og steindir og geti út frá þeirri greiningu fjallað um og útskýrt:
  - myndun bergs.
  - myndun mismunandi gerða kviku.
- þekki helstu gerðir eldstöðva og geti skýrt mismunandi eldvirkni þeirra.
- geti útskýrt myndun mismunandi landsvæða af völdum innrænna afla, s.s. út frá landreki, eldvirkni, jarðskjálftum og jarðhita.
- geti fjallað um landmótun sem stjórnast af útrænum öflum, s.s. landmótun af völdum frostverkana, vatnsfalla, sjávar, jökla og vinds.
- geti gert grein fyrir mismunandi gerðum vatnsfalla og einkennum þeirra, s.s. rennslisháttum, landmótun og vatnasvæðum.
- geti fjallað um jökla og skýrt:
  - myndun.
  - gerð.
  - hreyfingar.
- geti skýrt meginatriði mismunandi aðferða sem notaðar eru við jarðfræði- og jarðeðlisfræðilegar rannsóknir.

### Kennslubók:

Almenn jarðfræði eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauti Jónsson, útg. Iðnú 2004

### Verkefnaskil:

Þrjú annarpróf og nokkur verkefni verða á önninni. Verkefni verða unnin og skilað í Moodle. Ekki verður gefin einkunn fyrir verkefni eftir að skilafrestur er liðinn og nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað.

### Námsmat:

- \*Annarpróf 70%
- \*Verkefni 25%
- \*Ástundun 5%

Ekki er sérstakt lokapróf á prófatíma í lok annar. Til að standast áfangann verða nemendur að ná 4,5 að meðaltali á annarprófunum og skila öllum verkefnum. Nemandi sem er löglega forfallaður (vottorð) í annarprófi á möguleika á að taka sjúkrapróf í þeim hluta á prófatíma í desember.

Nemendur 20 ára og eldri skulu í upphafi annar gera samning við kennara varðandi mætingu og verkefnaskil. Standi nemandi ekki við samninginn á hann á hættu að verða vikið úr áfanganum.

## Áætlun um yfirferð.

Hér fyrir neðan er gróf yfirferðaráætlun. Nánari útfærsla og lýsing á verkefnum er í Moodle.

Vika	Dagsetning	Áætlun um yfirferð námsefnis
1	18.08 - 21.08	Almennt yfirlit um áfangann. Kynning á jarðfræði sem fræðigrein.
2	22.08- 28.08	Lesefni vikunnar er 1. kafli og Jarðsagan. 10. kafli bls. 217-220. Vinna verkefni 1. Innri gerð jarðar og flekarek (2. kafli). Vinna verkefni 2.
3	29.08 - 04.09	Lesefni vikunnar er innri gerð jarðar og flekarek (2. kafli) og byrjað á 3. kafla (jarðskjálftar). Vinna verkefni 3.
4	05.09 - 11.09	Lesefni vikunnar er 3. kafli, Jarðskjálftar. Vinna verkefni 4.
5	12.09 - 18.09	Lesefni vikunnar er 3. kafli, Jarðskjálftar. Vinna verkefni 4. Nemendafyrirlestrar í verkefni 4. <b>35. ára afmæli FSu.</b>
6	19.09 - 25.09	Lesefni vikunnar er 4. kafli, steindir. Nemendafyrirlestrar í verkefni 4. Vinna verkefni 5.
7	26.09 - 02.10	Lesefni vikunnar er 4. kafli, steindir og 5. kafla um kviku. Vinna verkefni 6 og 7. <b>PRÓF I</b> - (1., 2., 3. og 4. kafli)
8	03.10 - 09.10	Lesefni vikunnar er 5. kafli um kviku. <b>Miðannarmat.</b>
9	10.10 - 16.10	Lesefni 9. viku er 5. kafli um kviku og byrjað á 6. kafla. Vinna verkefni 7 og 8. <b>Haustfrí 14. - 17. október.</b>
10	17.10 - 23.10	Viðfangsefni vikunnar er 6. kafli um eldvirkni. Vinna verkefni 10.
11	24.10 - 30.10	Viðfangsefni vikunnar er 6. kafli um eldvirkni. Vinna verkefni 11. <b>PRÓF II</b> úr 5. og 6. kafla.
12	31.10 - 06.11	Viðfangsefni vikunnar er 7. kafli um jarðhita og jökla (8. kafli). Gerðu verkefni 12 og 13.
13	07.11 - 13.11	Viðfangsefni vikunnar er 9. kafli um veðrun og rof. Vinna verkefni 14.
14	14.11 - 20.11	Viðfangsefni vikunnar er 9. kafli um veðrun og rof. Vinna verkefni 15.
15	21.11 - 27.11	Verkefnavinna. <b>PRÓF III</b> úr 7., 8. og 9. kafla er á prófatíma í maí (sjá próftöflu). Viðfangsefni vikunnar er 9. kafli um veðrun og rof.
16	28.11 - 04.12	Verkefnavinna fyrir þá sem eiga eftir að skila verkefnum. Muna eftir 100% skilaskyldu á verkefnum.
17		Sjúkrapróf